

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 460/2015, um baðstaði í náttúrunni.

1. gr.

3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er í afþreyingalaugum að veita áfengi í takmörkuðu magni, í margnota umbúðum eða margnota glösum, á baðstað. Óheimilt er að nota umbúðir og glös sem valdið geta slyshættu. Einnig má veita drykki í þeim umbúðum sem þeir koma í enda uppfylla þær skilyrði 2. másl. Þegar áfengi er veitt á baðstað skal gæta sérstakrar varúðar og fjalla um öryggi baðgesta, hámark áfengiseininga á hvern einstakling og umfang laugargæslu vegna þess í öryggisreglum. Sérstaklega skal fjallað um veitingu áfengis í starfsleyfi, m.a. vegna öryggismála og ef gerð er strangari krafa um laugargæslu. Áfengisveitingar eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Þrátt fyrir 1. másl. 2. mgr. 7. gr. er heimilt að nota einnota niðurbjótanlegar eða endurvinnanlegar umbúðir til 1. september 2020.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. tölul. 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarnarnir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. ágúst 2019.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*